

Reglugjörð

99
15. okt.

um verðlagsnefnd og verðlag á vörum.

Samkvæmt lögum nr. 10, 8. september 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum, og laga nr. 7, 8. febrúar 1917, um viðauka við þau lög, er eftirfarandi reglugjörð sett til framkvæmdar laganna.

1. gr.

Nefndin hefir fult vald til að ákveða hámark söluverðs um land alt á innlendri og útlendri nauðsynjavöru, svo og hverri þeirri vöru, er ástæða þykir til. Nefndin ákveður sjálf, hvað sje nauðsynjavara.

2. gr.

Til þess að geta ákveðið sanngjarnt verðlag, hefir nefndin vald til þess að heimta upplýsingar, bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum, um innkaupsverð og útsöluverð vöru á hverjum stað, og um öll þau atriði, sem geta haft þýðing í þessu efni. Ennfremur hefir nefndin heimild til að krefjast upplýsinga um vörumagn á hverjum stað, í hverju hlutfalli það standi við venjulegar birgðir, og hve lengi það muni endast eftir fyrri ára reynslu.

3. gr.

Öllum lögreglustjórum skal skylt að gjöra verðlagsnefnd tafarlaust aðvart, hvenær sem einhver nauðsynjavara hækkar í verði um 20%, og eins þó um minni hækkun sje að ræða, ef þeim virðist sem hækkunin sje eða kunni að vera ástæðulaus.

Þeim skal og skylt að grenslast vandlega eftir innkaupsverði kaupmanna, bæði stórsala og smásala, svo og verslunarfélaga, á útlendum vörum, hvenær sem verðlagsnefnd æskir þess, og senda henni þá sem fljótast, símleiðis ef þess er krafist, skýrslu um innkaupsverð og söluverð á þeim vörum, sem um er spurt. Skulu þeir þá jafnframt gjöra tillögu til verðlagsnefndar um hámark söluverðs á vörunni, ef þeim að rannsókn sinni lokinni virðist verðið óhæfilega hátt.

4. gr.

Hallærisnefndir þær, sem starfa samkvæmt reglugjörðum nr. 17 og 18 frá 21. og 26. apríl 1917, skulu að sinni hálfu hafa nákvæmt eftirlit á söluverði á

99 15. okt. þeim nauðsynjavörum, sem þeim er eða verður falið að sjá um, og skulu þeir þá einnig gjöra verðlagsnefnd aðvart strax í stað, ef þeim virðist einhver af þeim vörum vera seld óhæfilega háu verði, og láta fylgja tillögur sínar um hámarksverð, ef þurfa þykir.

5. gr.

Öllum kaupmönnum, jafnt stórkaupmönnum (umboðssölum, heildsölum) sem smákaupmönnum, svo og öllum verslunarfjelögum, er skylt að láta tafarlaust í tje allar upplýsingar um innkaupsverð á vörum, sem þeir hafa til sölu, ef þess er krafist af verðlagsnefnd eða lögreglustjórum fyrir hennar hönd. En innkaupsverð merkir hjer það verð, sem varan stendur kaupmanninum í, þegar hún er komin til hans á sölustaðinn.

6. gr.

Nú álitur nefndin að fengnum upplýsingum og eftir sjerstaklega að hafa leitað álits og umsagnar seljanda, ef henni þykir við þurfa, að verðlag á einhverri nauðsynjavöru sje of hátt á einhverjum stað, og skal hún þá ákveða hámark útsöluverðs, en auðvitað er öllum heimilt að selja vöruna ódýrara verði.

Fáist eigi þær upplýsingar, sem nefndin hefir heimtað, eða komi þær ekki í tæka tíð, ákveður hún verðið eftir þeim gögnum sem fyrir liggja.

7. gr.

Um aðra vöru en nauðsynjavöru, tekur nefndin enga ákvörðun, nema henni hafi borist kæra frá nafngreindum manni um að hún sje of hátt seld á einhverjum stað. Nefndin leitar þá álits og umsagnar á þann hátt sem fyr um getur, og allra nauðsynlegra upplýsinga og ákveður síðan hvort ástæða sje til að ákveða nýtt verðlag eða ekki.

8. gr.

Verðlag það, sem þannig er ákveðið, stendur þangað til því er breytt af nefndinni, annaðhvort af sjálfsdáðum eða að fengnum nýjum upplýsingum frá seljendum eða öðrum. Svo fellur það og úr gildi, jafnskjótt sem nefndin hættir að starfa.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að seljendur haldi vandlega öll ákvæði verðlagsnefndar um hámark útsöluverðs á nauðsynjavörum.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum skal og skylt að hafa gát á þeim vörum, sem hámarksverð er á, og gera lögreglustjóra aðvart, ef vöurnar eru seldar hærra verði.

10. gr.

Nú er seljandi eða kærandi óánægður með það verðlag, sem nefndin hefir sett, og má þá áfrýja ákvörðun nefndarinnar til stjórnarráðsins, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

99
15. okt.

11. gr.

Þá er nefndin hefir ákveðið verðlag á einhverri vörutegund, tilkynnir stjórnarráðið það hlutaðeigandi lögreglustjóra, er aftur birtir það almenningi á þann hátt, er tíðkast á hverjum stað að birta opinberar auglýsingar. Ákvörðun um verðlag gildir frá þeim degi, er hún er birt á hverjum stað.

12. gr.

Brot gegn 5.—8. gr. í reglugjörð þessari varða sektum frá 50—2000 kr. og skulu mál útaf slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

Ef menn gefa ranga skýrslu um þau atriði, er að framan greinir, fer um slík brot eftir ákvæðum hinna almennu hegningalaga.

Auk þess má búast við, að stjórnin noti heimild þá, er henni er veitt með 3. gr. laga nr. 5, 1. febrúar 1917 til að taka eignarnámi vöru þá, er seld er dýrara en nefndin hefir ákveðið.

13. gr.

Verði ágreiningur um skilning á reglugjörð þessari, sker stjórnarráðið úr honum.

14. gr.

Nefndin hefir starfa þenna með höndum þangað til stjórnarráðið afturkallar umboð það og vald, sem nefndinni er falið samkvæmt þessari reglugjörð.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi, og er þar með úr gildi feld reglugjörð 30. desember 1915, um framkvæmd laga nr. 10, 8. september 1915 og bráðabirgðalaga, um viðauka við þau lög, 30. desember 1915.

Í stjórnarráði Íslands, 15. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.